



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Afturköllun á ákvörðun um stækkun Vinagarðs

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. ágúst 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt bréfi KFUM og KFUK, dags. 24. apríl 2020:

Með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993, er ákvörðun skóla- og frístundaráðs frá 5. apríl 2017 og borgarráðs frá 27. apríl 2017 afturkölluð en þar var vegna fyrirhugaðrar stækkunar samþykkt að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilað yrði að greiða framlag vegna gæti orðið 155 í stað 95 frá 1. september 2018 í leikskólanum Vinagarði sem rekinn er af KFUM og K. Gerður var fyrirvari um að Vinagarður fái útgefið rekstrarleyfi leikskóla vegna stækkunar leikskólans. Ástæða framangreinds er sú að KFUM og K hafa fallið frá stækkun leikskólans.

Greinargerð fylgdi.

Tillaga skóla- og frístundaráðs var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Staðan er sú að KFUM/K hefur hætt við fyrirætlaða stækkun og því eðlilegt að heimildin til fjölgunar verði felld út, enda fyrirséð að án umræddrar stækkunar mun skólinn ekki geta sinnt þeim fjölda sem samþykktur var með fyrirvara.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðssjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna

Með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, er ákvörðun skóla- og frístundaráðs frá 5. apríl 2017 og borgarráðs frá 27. apríl 2017 afturkölluð en þar var vegna fyrirhugaðrar stækkunar samþykkt að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilað yrði að greiða framlag vegna gæti orðið 155 í stað 95 frá 1. september 2018 í leikskólanum Vinagarði sem rekinn er af KFUM og K. Gerður var fyrirvari um að Vinagarður fái útgefið rekstrarleyfi leikskóla vegna stækkunar leikskólans. Ástæða framangreinds er sú að KFUM og K hafa fallið frá stækkun leikskólans.

Greinargerð:

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 5. apríl 2017 og fundi borgarráðs þann 27. apríl 2017 var samþykkt tvíþætt tillaga varðandi fjölda barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til leikskólans Vinagarðs sem rekinn er af KFUM og K.

Fyrri hluti tillögunnar kvað á um að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Vinagarðs verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna 20 reykvískra barna til viðbótar við þau 75 börn sem nú er heimilt að greiða framlag vegna frá 1. september 2017. Framangreind ákvörðun er óbreytt og er komin til framkvæmda.

Í síðari hluta tillögunnar var vegna fyrirhugaðrar stækkunar Vinagarðs samþykkt að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilað yrði að greiða framlag vegna gæti orðið 155 í stað 95 frá 1. september 2018. Gerður var fyrirvari um að Vinagarður fái útgefið rekstrarleyfi leikskóla vegna stækkunar leikskólans. Sviðsstjóra var falið að gera viðauka/samning þar sem kveðið er á um fjölgun barna þegar framangreindu skilyrði um útgáfu rekstrarleyfis hefur verið fullnægt.

Með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, er lagt til við skóla- og frístundaráð að framangreind ákvörðun vegna fyrirhugaðrar stækkunar verði afturkölluð þar sem KFUM og K vegna Vinagarðs hafa lýst því yfir að ekki verði farið í stækkun húsnæðisins sbr. bréf Vinagarðs til skóla- og frístundasviðs, dags. 24. apríl 2020.

Af framangreindu virtu er ljóst að aðstæður hafa breyst frá því að ákvörðunin var tekin og er skóla- og frístundaráði því heimilt að afturkalla hana. Stjórnvald getur afturkallað ákvörðun sína ef það er ekki til skaða fyrir neinn af aðilum máls.

Með bréfi skóla- og frístundasviðs, dags. 15. júlí 2020, var KFUM og K vegna Vinagarðs gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um ráðgerða afturköllun. Með tölvubréfi, dags. 18. ágúst 2020, upplýsir fyrirsvarsaður leikskólans að afturköllun sé samþykkt enda hafi verið hætt við áætlanir um stækkun.



Reykjavík 24. apríl 2020

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið
B.t. Hönnu Halldóru Leifsdóttur

Efni: Hætt við stækkun Vinagarðs

Árið 2017 gaf Reykjavíkurborg vilyrði fyrir stækkun Vinagarðs leikskóla KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Þar sem ekki hefur reynst unnt að fylla öll leikskólapláss á leikskólanum hefur stjórn leikskólans ákveðið að falla frá fyrirhugaðri stækkun að svo stöddu.

Virðingarfyllt,

Guðmundur Karl Einarsson
formaður stjórnar

María Sighvatsdóttir
leikskólastjóri